



Veiddir þú eldislax eða regnbogasilung?

Hvernig þekkja má strokufiska úr eldi. Strokulaxa úr eldi má þekkja á einum eða fleirum eftirfarandi einkennum: skemmdir á uggum og sporði, eyddum tálknborðum, lögum trjónu og kubbslegum vexti. Regnbogasilungar geta haft svipuð einkenni og eldislaxar en eru jafnan enn kubbslegri, doppóttari á bók og sporði og hafa rauðleita sliktu eftir endilöngum búknum. Allur regnbogasilungur á Íslandi er úr eldi.

Villtur lax



Eldislax



Viðbrögð

Ef grunur leikur á að veiðst hafi eldislax eða regnbogasilungur skal tilkynna það strax til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar.

Gefa skal upp veiðistað, dagsetningu, tegund, kyn, lengd og þyngd.

Æskilegt er að koma fiski til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar til greiningar, ferskum eða frosnum. Uppruni fiska er þá metinn út frá útliti eða erfðasamsetningu.

Ef ekki er unnt að verða við því má senda hreistursýni til greiningar. Skafa skal u.þ.b. 20 hreistur af svæðinu sem sýnt er á mynd að ofan og setja í hreisturpoka (eða í annað pappírsumslag). Nota skal hreinan hníf við hreisturtökuna. Senda skal ljósmynd af fiski í tölvupósti.



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði
S: 569-7900, fiskistofa@fiskistofa.is



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skúlagötu 4, 121 Reykjavík
S: 575-2000, hafogvatn@hafogvatn.is